



Reykjavík, 6. október 2021

SFS2021100149

217. fundur

HG/img/aög

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### ***Efni: Upplýsingar um stöðu biðlista fyrir leikskóla og framtíðarspá varðandi aldur barna við inntöku***

Samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, samþykktum í borgarráði 3. febrúar 2011, með síðari breytingum, er miðað við að börn sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust.

### **Staða umsókna um leikskólapláss**

Innritun í leikskóla er sífellt í gangi, listinn yfir umsóknir er mjög lifandi og breytingar verða daglega. Þann 27. september 2021 var heildarfjöldi pláss miðað við stýringu í Völu 5971, þ.e. hámarksfjöldi í leikskólum Reykjavíkur, sem opinn er til umsóknar fyrir foreldra. Af þeim eru 400 pláss í fjórum Ævintýraborgum sem áætlað er að opna síðar á árinu og í byrjun árs 2022 og einn ungarnaleikskóli. Enn hefur ekki verið opnað á umsóknir í stækkandi leikskóla s.s. Funaborg, Gullborg og Brákarborg né heldur í fyrirhuguðum leikskóla í Safamýri.

Tafla 1 sýnir fjölda barna eftir borgarhlutum sem voru með vistunarumsókn fyrir leikskóla í Völu þann 19. ágúst 2021. Einhver breyting hefur orðið síðan þessar tölur voru teknar, en þetta eru nýjustu tölur varðandi fjölda barna á biðlista.

|                              | 9-12<br>mán. | 12-15<br>mán. | 15-18<br>mán. | 18-21<br>mán. | 21-24<br>mán. | 24 mán og<br>eldri |
|------------------------------|--------------|---------------|---------------|---------------|---------------|--------------------|
| Árbær                        | 26           | 29            | 5             | 1             | 0             | 0                  |
| Breiðholt                    | 44           | 34            | 10            | 3             | 2             | 4                  |
| Grafarholt-<br>Úlfarsárdalur | 17           | 21            | 6             | 2             | 1             | 0                  |
| Grafarvogur                  | 38           | 52            | 13            | 1             | 0             | 3                  |
| Háleiti-<br>Bústaðir         | 27           | 37            | 23            | 14            | 6             | 10                 |
| Hlíðar                       | 29           | 38            | 32            | 7             | 2             | 4                  |
| Kjalarnes                    | 2            | 1             | 0             | 0             | 0             | 1                  |
| Laugardalur                  | 38           | 35            | 37            | 5             | 3             | 6                  |
| Miðborg                      | 23           | 25            | 23            | 10            | 0             | 6                  |
| Vesturbær                    | 33           | 27            | 30            | 16            | 3             | 9                  |
| Alls                         | 277          | 299           | 179           | 59            | 17            | 43                 |

Tafla 1

## Framtíðarsýn í leikskólamálum

Þann 27. september 2021 var gerð spá varðandi aldur yngstu barnanna í leikskólum Reykjavíkurborgar á þremur tímapunktum með tilliti til fjölda umsókna og skráðra barna í Reykjavík, samkvæmt Þjóðskrá. Þar er gert ráð fyrir því að allir leikskólar hafi fyllt í laus pláss hjá sér og þeir sem fá fleiri pláss fylli þau með börnum sem búa í sama borgarhluta auk þeirra plássna sem verða til þegar nýir leikskólar taka til starfa<sup>1</sup>. Allur aldur barna er talinn í mánuðum á þeim tíma sem spáin tekur til. Þannig eldast öll börn um 2 mánuði á milli 1. janúar og 1. mars spánna, á sama hátt eldast þau um tvo mánuði í viðbót á milli 1. mars og 1. maí spánna.

Þann 1. janúar 2022 verður búið að bæta við 107 plássum í Vesturbæ með Ævintýraborg á Eggertsgötu og einni deild á Gullborg. Á sama tíma verður búið að opna eina Ævintýraborg í Hlíðum með 100 plássum og ein deild mun þá opna í Funaborg með 24 plássum.

Tafla 2.1 sýnir hvernig staðan verður 1. janúar 2022 samkvæmt spá. Þarna sést aldur yngstu barnanna sem leikskólar í borgarhlutanum geta boðið þegar plássum hefur verið fjölgað. Á þessum tímapunkti munu leikskólar í úthverfum geta boðið börnum leikskóladvöl, allt niður í 14 mánaða gömul. Leikskólar í Háaleiti-Bústaðum og Laugardal geta boðið börnum niður í 25 mánaða gömul og leikskólar í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum munu geta boðið börnum niður í 12 mánaða gömul leikskóladvöl.

| Borgarhluti                      | Aldur í mánuðum |
|----------------------------------|-----------------|
| Úthverfi                         | 14 mán          |
| Háaleiti-Bústaðir og Laugardalur | 25 mán          |
| Vesturbær, Miðborg og Hlíðar     | 12 mán          |

Tafla 2.1

Þann 1. mars 2022 verður búið að bæta við Ævintýraborg við Vörðuskóla sem telur 60 pláss í Vesturbæ og annarri við Vogabyggð sem telur 100 pláss í Laugardal.

Tafla 2.2 sýnir hvernig staðan verður 1. mars 2022 samkvæmt spánni. Þrátt fyrir aukin pláss í Vörðuskóla þá hækkar aldur yngstu barnanna sem hægt verður að bjóða um þessa tvo mánuði sem líða á milli spáa í leikskólum í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Með aukningu á plássum í Laugardal lækkar aldur yngstu barna sem hægt að bjóða vistun um 10 mánuði. Aldur yngstu barna í úthverfum hefur aukist um tvo mánuði þar sem engin pláss koma til og börnin eltust um þessa tvo mánuði.

| Borgarhlutar                     | Aldur í mánuðum |
|----------------------------------|-----------------|
| Úthverfi                         | 16 mán          |
| Háaleiti-Bústaðir og Laugardalur | 15 mán          |
| Vesturbær, Miðborg og Hlíðar     | 14 mán          |

Tafla 2.2

Á vormánuðum 2022 er ráðgert að bætt verði við talsverðum fjölda nýrra plássna í nýjum leikskólum og starfandi leikskólum í borginni. Nánari upplýsingar um fjölda og tímasetningar verða birtar þegar nær dregur.

Inn í þetta eru ekki reiknuð plássin sem losna í stóru úthlutuninni sem fram fer í mars ár hvert. Þar er boðið í plássin sem losna þegar elsti árgangurinn hættir í leikskóla og fer í grunnskóla.

---

<sup>1</sup> Vegna sérstöðu staðsetningar er leikskólinn Berg á Kjalarnesi ekki með í þessari spá.